

Aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar 24.9.2008. Fundarstaður Oddeyrarskóli. Til fundarins var boðað með auglýsingu í Dagskránni. Fundur var settur kl. 20.30.

Dagskrá:

1. Kynning á hverfisnefndinni og störfum hennar í vetur.
 2. Kynning á framtíðarverkefnum nefndarinnar.
 3. Hólmkell Hreinsson með kynningu á sældarbæ eða “slow city”.
 4. Viðurkenning veitt.
-
1. Starfandi nefnd hefur setið síðan í mars 2007. Helstu verkefni nefndarinnar frá þeim tíma hafa verið að sitja fundi með stjórnarsýslunefnd, útgáfa á kynningarbæklingi um hverfisnefndina og störf hennar, aðstoð við skipulagningu á hausthátíð Oddeyrarskóla, að fara yfir tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár og að koma á laggirnar sumarhátíð Oddeyrar sem vonandi verður gert að árvissum atburði.
 2. Verið er að vinna að endurskilgreiningu erindisbréfs um hverfisnefndir en hlutverk þeirra og ítök hafa undanfarið verið umdeild. Hverfisnefnd Oddeyrar á núna tvo fulltrúa í vinnuhópum á vegum bæjarins.
 3. Hólmkell gerði skil á heimspekinni bakvið fyrirbærið sældarbæ eða “slow city” og sköpuðust í kringum það umræður um hugtakið félagsauð þ.e. hvað við bæjarbúar gætum lagt af mörkum til að gera Akureyri að betri og skemmtlegri bæ. Mikilvægt er að standa vörð um séreinkenni bæjarins og í því samhengi berjast fyrir aukinni vitundarvakningu meðal íbúanna.
 4. Að lokum var viðurkenning veitt til eigenda Hreiðsins fyrir að halda uppi rekstri á rótgróinni hverfisverslun og fyrir að halda umhverfinu snyrtilegu og hreinu. Er öðrum íbúum Oddeyrar góð hvatning og fyrirmynd.

Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið kl. 22.00.